

REGLUGERÐ

194

7. okt.

um holræsi fyrir Sauðárkrókshrepp.

1. gr.

Þar, sem hreppurinn hefur látið leggja á sinn kostnað holræsi í götu eða um óbyggð svæði, eða þar, sem hreppurinn hefur keypt og tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er hverjum húseiganda byggðra húsa og þeirra, sem byggð verða, skylt að grafa fyrir og leggja á sinn kostnað í hús sitt ræsi, er flytji allt skólp frá húsinu út í aðalræsi.

Þar sem svo hagar til, að holræsi eru lögð annars vegar við aðalgötu, eru húseigendur þeir, sem þeim megin eru við götuna, sem holræsið liggur, skyldir að greiða holræsagerðinni aukagjald, sem svarar þeim kostnaði, sem þeir sleppa við með því að þurfa ekki að fara út í miðja götu vegna þess að holræsið liggur utan við götuna, og skal holræsagerðin verja þeim peningum, sem þannig innheimtast, til þess að styrkja þá húseigendur, sem þurfa að grafa ræsin frá húsum sínum alla leið yfir götuna, til þess að komast í aðalholræsið.

Regnvatn af húsum og lóð skal einnig, að svo miklu leyti sem unnt er, leitt í holræsið. Veganefnd hreppsins eða maður, sem hreppsnefnd felur það, hefur umsjón með að ræsin séu ekki af lakari gerð en göturæsin, og að þau hafi rétta legu eftir staðháttum á hverjum stað. Vanræki nokkur að gera þetta innan þess tíma, sem hreppsnefnd setur, er henni heimilt að láta vinna verkið á kostnað hlutaðeigandi húseiganda.

2. gr.

Allur kostnaður við holræsi hreppsins greiðist af holræsagerðinni, en til þess að standast kostnað við holræsin og viðhald þeirra, ber hverjum húseiganda, sem hefur fengið hús sitt tengt við holræsakerfi hreppsins, eða átt kost á því, sbr. 1. gr., að greiða til holræsagerðarinnar árlegt gjald, sem nefnist holræsagjald og ákveðst þannig:

- a. Fast gjald á hvert hús kr. 40.00
- b. Fast gjald á hverja íbúð umfram eina í húsi .. kr. 10.00
- c. 4% af fasteignamatsverði húseigna.

Af hverju húsi, sem kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því, skal greiða sérstakt stofngjald, er nemi tvöföldu ársgjaldi.

3. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda, og hefur hann einn ábyrgð á greiðslu þess, en fyrir öllum kröfum, sem holræsagerðin öðlast á hendur húseigendum, samkvæmt 1. og 2. gr., hefur holræsagerðin lögtaksrétt, sem er tryggður með lögveðrétti í lóð og mannvirkjum og húsum lóðareiganda á henni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgönguveðrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

4. gr.

Árlegur gjalddagi holræsagjaldsins er 1. júní. Gjalddagi stofngjalds er 1. júní og 31. desember næst á eftir að húsið kemst í samband við holræsakerfið eða á kost á því. Gjaldið greiðist á skrifstofu hreppsins.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skal fara með sem almenn lög-reglumál.

- 194 Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923,
7. okt. til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 7. október 1943.

Björn Þórðarson.

Vígfús Einarsson.

- 195 Staðfesting ríkisstjóra á skipulagsskrá fyrir „Framfarasjóð Akraness“, útgefin
11. okt. á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 11. október 1943.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfarasjóð Akraness.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Akraness og er eign Akraneskaupstaðar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er:

1. hluti bæjarins af stríðsgróðaskatti fyrir 1941;
2. árlegt framlag frá bæjarsjóði Akraness, er nema allt að 5% — fimm af hundraði — af árlegum álögðum útsvörum, þó aldrei minna en 5000 — fimm þúsund — krónur á ári þar til sjóðurinn er orðinn ein milljón krónur;
3. vaxtatekjur, gjafir og aðrar tekjur, sem sjóðnum kann að áskotnast, þar á meðal hluti af óvissum tekjum bæjarsjóðs, eftir ákvörðun bæjarstjórnar í desembermánuði ár hvert.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða annarri jafntryggri stofnun, í bankavaxtabréfum, ríkisskuldabréfum eða öðrum jafntryggum verðbréfum, að svo miklu leyti, sem hann verður ekki ávaxtaður samkv. 4. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja og efla framfarir á þann hátt, sem hér segir:

1. Bæjarstjórn má í janúarþarmánuði ár hvert, í fyrsta sinn í janúarþarmánuði 1943, taka lán allt að $\frac{3}{4}$ — þrem fimmstu — hlutum sjóðsins til þeirra framkvæmda, er hér greinir: til hafna- og lendingarþóta, sjóvarnargarða, sjúkrahúsbygginga, vatnsleiðslu, vatnsaflsvirkjunar, gistihúsbyggingar, skólp-ræsagerðar, skólahúsbyggingar, landa- og jarðakaupa, vegalagninga, jarðræktar, girðinga um ræktunarland eða heitiland, bæjarhúsbyggingar, fjósbyggingar til sameiginlegra afnota fyrir bæjarbúa, trjáræktar og skrudgarðs.
Lán samkvæmt þessum lið má veita til allt að 25 ára. Vextir skulu vera sem hér greinir: Þar til sjóðurinn er orðinn 500000 kr. skulu vextir vera 5% — fimm af hundraði — en úr því 4% — fjórir af hundraði —. Þegar sjóðurinn er orðinn ein milljón krónur má lækka vexta í 3% — þrjá af hundraði —, en þegar hann er orðinn fimm milljónir í 2% — tvo af hundraði —.
2. Heimilt er sjóðstjórninni að veita lán allt að $\frac{2}{3}$ — tveim fimmstu — hlutum sjóðsins: